

Ályktanir fulltrúafundar Landssamtakanna Þroskahjálpar 2016.

GAGNVART RÍKINU.

Fullgilding og lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar fagnar fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og leggur áherslu á að valkvæður viðauki við samninginn verði einnig fullgiltur sem fyrst og eigi síðar en á árinu 2017. Fulltrúafundurinn skorar á íslensk stjórnvöld að hefja nú þegar markvissan undirbúning að því að taka þennan mikilvæga mannréttindasamning í íslensk lög, án ástæðulauss dráttar, og tryggja þannig enn betur en gert er með fullgildingu samningsins að fatlað fólk fái öll þau réttindi sem hann mælir fyrir um.

Endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar leggur mikla áherslu á að við endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga verði tryggt að réttindi fatlaðs fólks njóti skýrrar og góðrar viðurkenningar og verndar. Fulltrúafundurinn leggur áherslu á að öll þau réttindi sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um, verði innleidd í íslensk lög, reglur og stjórnsýsluframkvæmd með afdráttarlausum hætti, eins og stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að gera með fullgildingu samningsins. Fulltrúafundurinn telur að réttindi fatlaðs fólks og vernd þess fyrir mismunun af ýmsu tagi verði best tryggð með sérlögum sem verði í fullu samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ábyrgð ríkisins á að fatlað fólk njóti mannréttinda án mismununar og eftirlit með því.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á ríkið að halda uppi skilvirku eftirliti með að fatlað fólk njóti hvarvetna þeirrar þjónustu og mannréttinda sem því ber samkvæmt stjórnarskrá, lögum, reglum og mannréttindasamningum. Fulltrúafundurinn skorar jafnframt á stjórnvöld að tryggja að í lögum sé skýrt hvað ríkisvaldinu ber að gera ef út af því er brugðið sem og fullnægjandi úrræði til að knýja á um úrbætur ef tilefni er til og án óeðlilegs dráttar.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á stjórnvöld að lögbinda án frekari dráttar NPA-þjónustu til framtíðar og eyða þar með þeirri óvissu sem þátttakendur í innleiðingarverkefni um NPA og þeir sem vilja sækja um NPA-þjónustu búa nú við. Tryggja þarf að réttarstaðan verði skýr að þessu leyti sem og lagalegar skyldur stjórnvalda varðandi meðferð mála og undirbúning og töku ákvarðana. Fulltrúafundurinn leggur áherslu á að NPA er góð aðferð til að tryggja fötluðu fólki möguleika til sjálfstæðs lífs og virkrar samfélagsþátttöku. Þá áréttar fulltrúafundurinn mikilvægi þess að jafnræðis verði gætt í lögum, reglum og framkvæmd varðandi NPA og að NPA verði valkostur fyrir allt fatlað fólk,

óháð skerðingum og að fólki með þroskahömlun bjóðist þessi valkostur jafnt og öðrum. Fulltrúafundurinn bendir á að til að tryggja það, verða hlutaðeigandi stjórnvöld að bjóða upp á nauðsynlega aðstoð við verkstýringu og utanumhald varðandi NPA fyrir þá sem á slíkri aðstoð þurfa að halda. Þá er mjög mikilvægt að börn eigi kost á NPA þjónustu til jafns við aðra.

Almannatryggingar.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á stjórnvöld að tryggja fólki með þroskahömlun og öðru fötluðu fólki mannsæmandi kjör. Fundurinn bendir á að til að fatlað fólk geti notið þeirra mannréttinda og tækifæra til sjálfstæðs og eðlilegs lífs, til jafns við aðra og án aðgreiningar verða kjörin að vera þannig að fólk eigi raunhæfan kost á að taka virkan þátt í samfélaginu. Fulltrúafundurinn lýsir stuðningi við það markmið með endurskoðun laga um almannatryggingar að gera kerfið einfaldara og þar með gegnsærra og skiljanlegra. Það má þó alls ekki leiða til þess að hópar sem hafa lægstu tekjurnar verði verr settir en áður. Mikilvægt er að fatlað fólk sem hefur lágar atvinnutekjur fái haldið þeim án þess að þær skerði lífeyri. Það er ekki aðeins sanngjarnt heldur mikilvægur hvati til atvinnuþátttöku fyrir þá sem geta unnið og eiga kost á atvinnu.

Sjálfstæð mannréttindastofnun.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar fagnar því að innanríkisráðuneytið skuli hafa lagt fram til kynningardrög að frumvarpi um sjálfstæða mannréttindastofnun Íslands. Mjög tímabært er að öflug og sjálfstæð stofnun verði til sem fyrst, til að vinna að framgangi og vernd mannréttinda og til að veita ríki og sveitarfélögum virkt aðhald að því leyti. Fulltrúafundurinn bendir á að mikill misbrestur er á því að fullnægjandi eftirlit sé með að fatlað fólk á Íslandi fá þau réttindi og þjónustu sem það á lagalegan rétt á. Mjög oft er þar um að ræða réttindi sem eru mannréttindi í skilningi laga og fjölþjóðlegra mannréttindasamninga. Fulltrúafundurinn skorar á Alþingi og stjórnvöld að hraða stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar og tryggja að stofnunin fái samkvæmt lögum og reglum skýrar skyldur og heimildir til eftirlits með að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og að stofnunin hafi nægileg úrræði til að geta brugðist við með skjótum, skilvirkum og árangursríkum hætti þegar tilefni er til.

Hámarksbiðtími eftir þjónustu.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á stjórnvöld að setja nú þegar skýrt ákvæði í lög um hámarksbiðtíma fatlaðs fólks eftir þjónustu sem það á rétt til lögum samkvæmt. Fulltrúafundurinn bendir á að Ríkisendurskoðun lagði á það áherslu í skýrslu sinni til Alþingis árið 2010 að stjórnvöld yrðu að setja slíkar reglur. Þrátt fyrir þetta skýra álit Ríkisendurskoðunar hefur það ekki enn verið gert og víða er biðtími fatlaðs fólks eftir þjónustu sem það á rétt á samkvæmt lögum óásættanlegur. Fundurinn bendir á að það leiðir

til þess að fatlað fólk fær ekki þá þjónustu sem það þarf á að halda sem er forsenda þess að það fái notið annarra réttinda sinna og getið tekið virkan þátt í samfélaginu. Óskilgreindur biðtími leiðir til óvissu fólks um stöðu sína og framtíð. Þá er ljóst að óskilgreindur biðtími eftir lögbundinni þjónustu vegur að möguleikum og lagalegum rétti fólks til að bera mál sín undir dómstóla og aðra eftirlitsaðila með stjórnsýslunni en sá réttur er grundvallarþáttur í réttarríkinu.

Flóttafólk og vopnuð átök.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar hvetur stjórnvöld til að huga sérstaklega að alþjóðlegum skyldum til að taka tillit til þarfa fatlaðs fólks fyrir stuðning og vernd, við mótun og framkvæmd stefnu í málefnum flóttafólks. Stjórnvöld eru hvött til að beita sér fyrir því í fjölþjóðlegu samstarfi varðandi vanda flóttafólks, að sérstaklega verði hugað að þeirri miklu þörf fyrir vernd og stuðning sem fatlað fólk á stríðshráðum svæðum hefur.

Sérfræðiþjónusta fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun, einhverfu eða hreyfihömlun.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á stjórnvöld að tryggja fólki eldra en 18 ára með þroskahömlun, einhverfu eða hreyfihömlun fái fullnægjandi sérfræðiþjónustu. Stjórnvöld verða að bregðast við þeirri brýnu þörf sem er fyrir þessa sérfræðiþjónustu með því annað hvort að útvíkka starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eða að stofna sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, sem fengi m.a. það hlutverk að sjá fyrir þessari þjónustu eða með því að tryggja þeim sem á þurfa að halda þjónustu á þessu sviði með öðrum og fullnægjandi hætti.

Aðgangur fatlaðs fólks að réttarvörslukerfinu

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar hvetur lögreglu- og dómsmálayfirvöld til að setja skýrar reglur um hvernig bæta megi réttarvernd fatlaðs fólks í málum er varða ofbeldi og misnotkun. Sterkar vísbendingar eru um að fólk með þroskahömlun njóti ekki verndar réttarvörslukerfisins með sama hætti og þeir sem ófatlaðir eru, þar sem ekki er tekið tillit til sérstakra aðstæðna þess. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er sérstaklega kveðið á um að stjórnvöldum beri að „ *tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarvörslukerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess.*“

GAGNVART SVEITARFÉLÖGUM.

Forgangsröðun í þágu mannréttinda fatlaðs fólks.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar minnir allar sveitarstjórnir í landinu á skyldu þeirra til að forgangsraða í fjárhagsáætlunum, fjárveitingum og allri framkvæmd í þágu mannréttinda. Gæta þarf vel að því að þjónusta við fatlað fólk hefur lögum samkvæmt það markmið að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Þessi mannréttindi njóta viðurkenningar og verndar í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að og eru sérstaklega áréttuð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Stjórnsýsla í málefnum fatlaðs fólks.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar telur vera mikið áhyggjuefni hversu mörg dæmi eru um að sveitarfélög fari ekki að réttum málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í lögum og reglum, s.s. í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, við meðferð og töku ákvarðana sem varða þjónustu við fatlaða einstaklinga. Fulltrúafundurinn krefst þess að sveitarfélög virði stjórnsýslureglur í málum er varða þjónustu við fatlað fólk og réttindi þess. Þessum reglum er ætlað að stuðla að því að stjórnvöld vandi meðferð mála og undirbúning og töku ákvarðana. Það er sérstaklega mikilvægt þegar um ríka hagsmuni fólks er að ræða, eins og mjög oft er raunin í málefnum fatlaðs fólks.

GAGNVART RÍKI OG SVEITARFÉLÖGUM.

Fjárveitingar til málefna fatlaðs fólks og ábyrgðar- og verkaskipting.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar lýsir ánægju með þann vilja sem sveitarfélög hafa sýnt til að annast þjónustu við fatlað fólk. Fundurinn hvetur ríki og sveitarfélög til að komast að samkomulagi um raunhæfa tekjuskiptingu sín á milli til að tryggja að fatlað fólk fái umsvifalaust notið þeirra mannréttinda sem það á rétt á samkvæmt lögum og mannréttindasamningum, óháð búsetu.

Húsnæðismál

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar fagnar því að ný lög hafa verið sett sem hafa það að markmiði að tryggja efnalitlu fólki öruggt húsnæði. Fulltrúafundurinn skorar á stjórnvöld að tryggja nægilegt fjármagn til að markmið laganna náist. Þá skorar fundurinn á stjórnvöld að huga sérstaklega að aðstæðum fólks með þroskahömlun og þörfum þess fyrir viðeigandi húsnæði. Óásættanlegt ástand er í þeim málum og allt of langur biðtími er eftir húsnæði. Fulltrúafundurinn skorar jafnframt á stjórnvöld að tryggja að í lögum og reglum verði skýr ákvæði varðandi gæði, stærð, gerð og staðsetningu húsnæðis sem ætlað er fötluðu fólki til að tryggja að markmið um tækifæri fatlaðs fólks til sjálfstæðs og eðlilegs lífs, til jafns við aðra og án aðgreiningar, geti sem best náðst.

